

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 2013 í máli nr. S-125/2013:

Ákærvaldið

(Katrín Ólöf Einarsdóttir fulltrúi)

gegn

Bjarna Þór Steindórssyni

(Guðmundur Ágústsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 2. maí síðastliðinn var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 19. febrúar sl., á hendur Bjarna Þór Steindórssyni, Reykjavík, „fyrir líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 15. júlí 2012 utan við veitingastaðinn Pizza Pronto við Bankastræti 14 í Reykjavík, slegið Daníel Örn Sandholt, einu hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut nefbrot, kjálkabrot á framvegg vinstri kjálkaholu, brot í botni vinstri augntóftar, yfirborðsáverka við vinstra auga, rispu undir hægri auga auk grunns sárs vinstra megin á nefi.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

-

Einkaréttarkrafa:

Þá gerir Gylfi Thorlacius hrl., f.h. Daníels Arnar Sandholt, kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaða- og miskabóta samtals að fjárhæð kr. 900.000 með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá árársdegi 15. júlí 2012 og þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt ákærða, en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Ef lögmaður brotaþola verður ekki skipaður réttargæslumaður hans, þá er þess krafist að ákærði greiði brotaþola málskostnað, auk virðisaukaskatts, að mati dómsins vegna lögmannsaðstoðar við að hafa bótakröfuna uppi.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns. Hann krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi.

II

Brotapoli kom á lögreglustöð 17. júlí 2012 og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir árás þá sem í ákæru greinir. Kvaðst hann hafa verið staddur á þeim stað, sem í ákæru greinir, þegar maður hafi undið sér að honum og viðhaft klúryrði við sig. Brotapoli kvaðst hafa svarað og hefði maðurinn þá slegið sig með krepptum hnefa í andlitið og hefði höggið komið á vinstra kinnbein, vinstra auga og nef. Eftir þetta hefði maðurinn hlaupið á brott, en frændi sinn hefði fundið hann á Fésbók og væri maðurinn ákærði í málinu.

Brotapoli fór á slysadeild og í vottorði þaðan segir að greinileg bólga og mar hafi verið undir vinstra auga og vægt mar á efra augnloki utanverðu. Síðan segir: „Hann var með grunnt sár utanvert á nefbryggjunni vi. megin. Einnig rispa neðan við hæ. innri augnkrók. Þegar þreifað var á neðri brún vi. augntóftar þreifaðist stallur í beininu. Fengin var sneiðmynd af andlitsbeinum sem sýndi brot í botninum á vi. augntóft með 3 mm stallmyndun. Einnig innkýling á framvegg vi. kjálkaholu. Brot sást í nefbeinum.“ Brotapoli var lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild og aðgerð gerð á kjálkabrotinu. Var það fest með skrúfum og plötu.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu. Hann neitaði sök en kvaðst hafa verið í miðborginni þessa nótt og hafa verið undir áhrifum áfengis.

III

Við aðalmeðferð neitaði ákærði sök. Hann kvaðst hafa verið með félögum sínum í miðborg Reykjavíkur umrædda nótt og farið einn heim undir morgun. Hann kvaðst hafa drukkið deginum áður, en hætt því um klukkan tíu um kvöldið. Ákærði kvaðst ekki hafa farið austur fyrir Lækjargötu þessa nótt og ekki lent í átökum. Hann kvaðst hafa hitt brotþola í samkvæmi fyrir um tveimur mánuðum. Þar hefðu vinir brotþola ætlað að berja sig, en brotþoli hefði ekki kannast við sig.

Brotapoli bar að hann hefði verið á framangreindum stað þessa nótt þegar einhver hafi komið upp að sér, rifið í sig og viðhaft klúryrði við sig. Brotapoli kvaðst hafa svarað og snúið sér við, en svo snúið aftur að manningnum og þá fengið högg í andlitið og dottið út. Brotapoli kvaðst þekkja ákærða í dómsalnum sem manninn er hefði slegið sig. Hann kvaðst hafa verið með frænda sínum og vini hans þessa nótt og verið undir áhrifum áfengis. Hann kvað frænda sinn hafa fundið út hver árásarmaðurinn var. Brotapoli neitaði að hafa borið á móti því í samkvæmi að ákærði væri árásarmaðurinn, en hann hefði ekki viljað að eitthvað yrði gert á hlut ákærða. Við þetta tækifæri hefði ákærði neitað að hafa slegið hann.

Maður, sem var með brotþola umrædda nótt og er vinur frænda brotþola, kvaðst hafa séð ákærða kýla brotþola þessa nótt. Hann kvað brotþola hafa staðið við grindverk í um 4 metra fjarlægð frá sér og þar hefði ákærði kýlt brotþola einu höggi. Maðurinn kvaðst hafa hitt ákærða fyrr um kvöldið, en vinur hans hefði kannast við ákærða og vitað nafn hans. Þetta hefði verið á Lækjartorgi og þá hefði ákærði sagt sér nafn sitt. Þeir hefðu svo hitt ákærða síðar um nóttina á þeim stað sem í ákæru greinir. Maðurinn kvaðst hafa fundið nafn ákærða á Fésbók ásamt frænda brotþola. Hann kvað ákærða hafa farið á brott eftir að hafa slegið brotþola, en hann og frændi brotþola hefðu farið að sinna honum.

Frændi brotþola bar að hafa verið á umræddum stað með vini sínum og brotþola þegar ákærði hefði komið að og rætt við sig, en gengið síðan til brotþola. Frændinn kvaðst næst hafa heyrt smell og þá séð brotþola alblóðugan. Hann kvaðst þá hafa gengið að ákærða, tekið í öxlina á honum og spurt hvað hann væri að gera. Síðan hefði hann snúið sér að brotþola og í því hefði ákærði horfið á braut. Frændinn var spurður hvort hann hefði séð ákærða slá brotþola og svaraði hann að hann hefði ekki beint séð það, heldur séð ákærða ganga upp að brotþola og heyrt smell. Þegar hann hefði snúið sér að þeim hefði ákærði staðið frekar nálægt brotþola. Frændinn kvaðst hafa kannast lítillaga við ákærða frá fyrri árum. Hann kvaðst hafa fundið ákærða á Fésbók, en hann hefði heyrt einhvern nefna hann fyrr þessa nótt. Um leið og hann hefði séð mynd af ákærða á Fésbók hefði hann þekkt hann. Þá kvaðst hann hafa hitt ákærða á Lækjartorgi en þar hefði ákærði verið með félögum sínum. Þegar hann sló brotþola hefði hann hins vegar verið einn á ferð.

Maður, sem er kvæntur systur ákærða, var með ákærða þessa nótt. Hann kvaðst ekki hafa séð hann slá brotþola. Þeir hefðu verið saman einir tíu allt kvöldið og kvaðst hann ekki hafa séð ákærða í átökum. Hann kvað þá hafa verið í miðborginni en ekki farið upp á Laugaveg.

Læknirinn, sem ritar framangreint vottorð, staðfesti það. Hann kvað það geta verið að áverkar brotþola hefðu stafað af einu hnefahöggi.

IV

Ákærði neitar sök en brotþoli og annað vitni hafa borið að ákærði hafi slegið brotþola eins og honum er gefið að sök í ákærinni. Þessi framburður þeirra fær stoð í framburði þriðja vitnisins eins og rakið var. Með framburði þessara vitna telur dómurinn sannað að ákærði hafi slegið brotþola eins og honum er gefið að sök í ákærinni og með þeim afleiðingum sem þar greinir. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Á árinu 2005 var ákærði dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr., 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hann var dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir ölvunarakstur og fleiri umferðarlagabrot 28. febrúar 2011. Þá hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum fyrir margvísleg brot. Verður refsing hans því ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 3 árum frá deginum í dag að telja, haldi

ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Miskabætur til brotaþola eru hæfilega ákveðnar 600.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan um leið og honum var birt fyrirkall 25. mars 2013 og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi. Þá skal ákærði greiða brotaþola 150.600 krónur í málskostnað.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði segir.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Bjarni Þór Steindórsson, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 3 árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Daníel Erni Sandholt 600.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. júlí 2012 til 25. apríl 2013 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 150.600 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 32.400 krónur í sakarkostnað og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hrl., 200.800 krónur.

o

Arngrímur Ísberg